



Fundargerð

17. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í Orange, Ármúla kl. 20.00 22. mars 2017

Mætt: Freyr Ólafsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Eiríkur Mörk Valsson. Björg Ágústsdóttir og Guðmundur Karlsson í síma.

Formaður setti fund klukkan 20:00 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt.

Long list v/smáþjóðaleikanna frá ÍÞA samþykkt rafrænt.

Skrifað var undir samning við Mizuno/Altiz-FRÍ sem gildir til 2020 með fyrirvara um framgang.

2. Erlend keppnisþátttaka fullorðinna

Áætlun samþykkt og verður birt á heimasíðu FRÍ.

Formaður og gjaldkeri hafa setið fundi hjá ÍSÍ vegna Afrekssjóðs vegna útfærslu á stykjamálum og uppgjöri á árinu 2016.

3. Uppgjör ársins 2016

Gjaldkeri lagði fram ársreikninga 2016 fram. Umræða. Lagt fram til birtingar á næsta fundi, en reikningsár FRÍ er miðað við áramót. Endurskoðaðir og áritaðir reikningar skulu liggja fyrir viku fyrir ársþing FRÍ sem næst verður haldið 2018.

4. Starfsmannamál

Framkvæmdastjórinn, Guðmundur Karlsson, kemur til starf 1. apríl. Núverandi verkefnastjóri FRÍ verður starfandi áfram inn í vorið skv. samkomulagi. Auglýst hefur verið eftir ungum sumarverkefnastjóra, formanni og framkvæmdastjóra falið að koma með tillögu til stjórnar.

5. NM og RIG 2018 auk samantektar af Nordic Congress

Formaður skilaði skýrslu frá formannafundi Norðurlandanna-Nordic congress. Umræða var um frjálsíþróttahluta RIG og lýstu erlendu aðilar yfir áhuga vegna þess svo og nokkur umræða um NM. Rætt um sjónvarpsútsendingar á breiðum grunni, innanlands og utan.

6. Formannafundur FRÍ að vori

Umræða. Formanni falið að koma með tillögu að dagsetningu milli stjórnarfunda.

7. Verkefni næstu mánaða

Verkaskipting og helstu stefnumál næstu vikur og mánuði

Umræða. Vísað áfram til næsta stjórnarfundar.

8. Önnur mál

Næsti stjórnarfundur ákveðinn miðvikudaginn 5. Apríl kl. 20 í Orange í Ármúla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:10 Ritun fundargerðar: Lóa Björk Hallsdóttir